a.

Reglur

fyrir nýu Fólkstali, sem eptir allrahæhsta Kóngsbréfi 3 Junii 1834 er uppábodid og áqvedid, ad fyrirtakist þann 2ann Febrúar 1835.

1. Fólkstalid byrjast þann 2an Febr: 1835, og framheldst í sífellu næstu daga þartil þad er fullkomnad.

2. Sérhvör Sóknarprestur láti Hreppstjóra, eda adra í þeirra forföllum, sem af Sýslumanni verda þartil nefndir, uppteikna bæ fyrir bæ, heila fólkstalid í hvörri sókn útaf fyrir sig.

3. Einsog hinsvegar prentad Schema ávísar, ega enir tilnefndu menn ad uppskrifa á medfylgjandi Optegnelse þ: e: strikadar Töblur, í regludum rödum:

   a. í fyrstu röd hvörrar bygdrar jardar nafn, med tilfærdri býlatölu á heimajörd, hjáleigu, í grashúsi, tómthúsi.

   b. í adra röd allra persónanna nafn í hvörju býli heimajardar, hjáleigu etc:

   c. í þridju röd hvörrar persónu aldursár, ad medreiknudu því, sem hún er ákomin t. d. vid nýfædd börn skrifast 1. og vid þann sem er á 26ta ári, 26, og ei 25.

   d. í 4du röd, gipta, ógipta, ekkjumenn eda ekkjur.

   e. í 5tu röd persónanna titil, embætti, sýslun, handverk, næríngarveg, stétt eda atvinnu. Ef nokkurs næríngarvegir eru ýmislegir, tileinkast honum sá er hann helst lifir af.

4. Þegar fólkstalid er tekid, reiknast sá til hvers býlis, sem þar var heimilisfastur ad næstu haustnóttum á undan, og innilykjast þessvegna í því heimili, svovel fiskiródrarmenn, sendimenn, og adrir sem af hendíngu kunna fólkstöludaginn, ad vera afbæar, en Skóla og lærdómspiltar, líka tökubörn og nidursetníngar, teljast þar, sem þeir fyrirfinnast þann dag.

5. Börn sem fædast eptir 2ann Febrúar 1835, og ádurenn fólkstölunni kynni vera lokid, koma ekki í talid, og persónur sem deya á tédu tímabili, verda sem ádur í lifendra tölu, svoad af heilu tölunni megi sjást fólksfjöldans rétta ástand þann tiltekna dag.

6. Einsog Sóknarpresturinn á ad afhenda Hreppstjóranum, eda þeim í hans stad tilnefnda manni, eitt Exemplar af hérgreindum reglum, fyrir fólkstalinu med hjáþryktu töbluformi (Schema) og eptir þörfum eina eda fleiri hreinar regladar arkir (Optegnelse) undir fólkstölulistana, svo ber Sóknarprestinum einnin, ad géfa honum frekari vegleidslu, sem þurfa kynni, og sérdeilis minna hann á, ad vanda sem best þetta verk, samt, ef tilefni gjæfist, saunfæra vidkomendur um, ad svo sem tilgángurinn einúngis er ad géta fullkomlega rent auga yfir Ríkisins fólksfjölda, og hans ymsa verulega parta, sé hér ekki hin minsta orsök til ad draga dul ad neinu.

Schema til Fólkstölulista á Íslandi.

Nafn Bæja og Býla á heimajörd, hjáleigu, í grashúsi, tómthúsi.	allra persóna nafn í hvorju býli, á heimajörd, hjáleigu. etc.	Sérhvors aldurs-ár.	giptur, ógiptur, ekkill, eda ekkja.	Persónanna titill, embætti, sýslan, handverk, næringarvegur, stétt eda atvinna.
N. N. Bær.				
1. Prestssetur . .	Magnús Jónsson . . .	50.	giptur	Sóknarprestur.
	Gudrídur Arnadóttir . .	34.	gipt	hans kona.
	Arni Magnússon	10.	ógipt	þeirra börn.
	Þrúdur Magnúsdóttir .	6.	ógipt	þeirra börn.
	Jón Jónsson	72.	ekkill	emerit prestur, fadir sóknarprestsins.
	Þrúdur Arnórsdóttir .	65.	ekkja	húsmódurinnar módir.
	Þorleifur Asgeirsson . .	28.	ógiptur	vinnumenn.
	Þórdur Björnsson . . .	25.	ógiptur	vinnumenn.
	Jón Leifsson	15.	ógiptur	tökupiltur til menningar.
	Sigrídur Brandsdóttir .	34.	ógipt	vinnukonur.
	Þurídur Snjólfsdóttir .	22.	ógipt	vinnukonur.
	Hallur Örnólfsson . . .	69.	ekkill	nidursetníngur.
2. Hjáleiga	Þórdur Arnason	36.	giptur	húsbóndi, examinatus juris.
	Jóreidur Höskuldsdóttir .	34.	gipt	hans kona.
	Þóra Helgadóttir	19.	ógipt	vinnukona.
	Höskuldur Jónsson . . .	70.	ekkill	húsmadur, lifir af sínu.
3. Hjáleiga . . .	Maren Haldórsdóttir .	50.	ekkja	húsmódir.
	Andres Þorbjörnsson . .	24.	ógiptur	hennar son og fyrirvinna.
	Alfeidur Grímsdóttir . .	42.	ógipt	vinnukona.
	Herdys Narfadóttir . . .	55.	ekkja	húskona ad hálfu.
4. Grashús . . .	Indridi Hrafnsson . . .	52.	giptur	vefari.
	Öluf Bárdardóttir . . .	50.	gipt	hans kona.
	Isólfur Þorgautsson . .	18.	ógiptur	hennar son.
5. Tómthús	Þórólfur Hjörtsson . .	35.	ógiptur	húsbóndi.
	Þórny Benedictsdóttir .	40.	ekkja	búst‌ýra.
	Astrídur Finnsdóttir . .	13.	ógipt	tökubarn.
6. Heimajörd . . . . eitt býli	Þóroddur Hjálmsson . .	48.	giptur	eignarmadur jardarinnar.
	Agnes Jónsdóttir . . .	40.	gipt	hans kona.
	Jónas Þorbergsson . . .	22.	ógiptur	vinnumadur.
	Þorvardur Asmundsson	28.	ógiptur	vinnur fyrir barni sínu.
	Ingjaldur Þorvardsson .	2.	ógiptur	hans barn.
	Jórun Asmundsdóttir .	25.	ógipt	vinnukona.
7. . . . . 2að býli	Helgi Þorvardsson . . .	63.	ekkill	húsbóndi.
	Oddny Sveinsdóttir . .	40.	ógipt	bústýra.
	Kristín Illugadóttir . .	21.	ógipt	vinnukona.
	Erlendur Ivarsson . . .	17.	ógiptur	ljettadrengur.
8. Hjáleiga	Þormódur Géstsson . .	28.	ógiptur	húsbóndi.
	Þórelfa Gamladóttir . .	40.	ógipt	bústýra.
	Gudrún Gísladóttir . . .	19.	ógipt	vinnukona.
	Gunnar Sighvatsson .	30.	ógiptur	húsmadur, póstur.
	etc.			
Summa . .	230 persónur.			